

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

Framkvæmd silungsverkefnis SSA 1983.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Reykjavík

1984.

Jón Kristjánsson,

Veiðimálastofnun

1984.

### Framkvæmd silungsverkefnis SSA 1983.

Inngangur.

A fundi N.E.R.T i Östersund i Svíþjóð 15. mars 1983 var samþykkt að veita samstarfsnefnd vestur-norðurlanda styrk að upphæð NOK 200.000, til að framkvæma tilraunaáætlun um veiðar og nýtingu silungs í vötnum á Austurlandi.

Stjórn SSA ákvað að setja á laggirnar þriggja manna nefnd með tveim mönnum til vara. Verkefni þessarar nefndar var að sjá um framkvæmd verkefnisins.

Eitt að skilyrðum fyrir styrkveitingunni var að verkefnið yrði unnið í samvinnu við Finnmerkurfylki í Noregi, en þeir hafa við svipuð vandamál að glima í nýtingu stöðuvatna og við íslendingar, og auk þess hafa þeir nýlega gert átak til að koma þeim málum í betra horf hjá sér.

Silungsveiðinefnd SSA var auk þess falið að hafa náið samband við Veiðimálastofnun og samstarfshóp um veiðifæratilraunir og markaðsmál um faglegar hliðar málsins, svo og markaðssetningu og skipulagningu flutningakerfis.

#### Undirbúnингur.

Haustið 1982 hófst óformlegar undirbúnингur þessa verkefnis með viðræðum aðila frá SSA, fagmanna frá Íslandi og Noregi og öðrum aðilum sem væntanlega myndu tengjast fyrirhuguðu verkefni.

Formlega hófst starfið þó ekki fyrr en í byrjun apríl 1983, eftir að vist var að styrkurinn fengist. Skammur tími var til stefnu, þar sem meinингin var að hefja veiðar um miðjan júní. Allt var því sett í gang og byrjað var á því að panta tæki og útbúnað þ.á.m. veiðarfæri sem urðu að vera tiltæk í upphafi vertíðar.

Nokkur áhætta var tekin þegar aðfanga var aflað, vegna þess að nánast engin silungsveiði hefur verið stundað í vötnum á Austurlandi um árabil, og fiskifræðilegar upplýsingar um vötnin voru af skornum skammti. Af þessum sökum voru ýmsar efasemdir á lofti hvort hægt væri að hefja veiðar af fullum krafti með svona litlum fyrirvara, og hugmyndir komu fram um að nota fyrsta sumarið til undirbúnings og rannsóknna. En það varð ofaná að láta kylfu ráða kasti og fara af stað af fullum krafti. Eftir á að hyggja var þetta rétt ákvörðun að flestra álíti, því þetta varð til þess að öll fyrirséð vandamál komu fram í réttri röð, og það var hægt

að ganga strax í að lagfæra þau. Þessi reynsla hefði ekki fengist hefði aðeins verið unnið að undirbúningi og rannsóknum 1983.

Framkvænd verkefnisins.

a) Markaðsmál.

Samstarfshópur um veiðarfæratilraunir og markaðsmál silungs sem var formlega skipaður í júlí 1982, hafði staðið í viðræðum við ýmsa aðila um að taka á móti silungi frá veiðibændum, koma honum á markað og selja hann. Undirtektir voru misjafnar, en vorið 83 hafði tekist að ná samvinnu við K.B í Borgarnesi, K.N.P á Kópskeri og K.H.B á Egilsstöðum um að taka á móti fiski og frysta hann eða senda áfram á markað. Einnig hafði um samist við ASCO s/f í Reykjavík að þeir sáju um að selja þann fisk er til þeirra bærist. Þá hafði verið komið upp til bráðabirgða stærðarflokkunar og verðlagningarkerfi, þar sem ljóst var frá upphafi að ekki væri hægt að selja allan silung á sama verði, stóran og smáan. Það lá því fyrir áður, en veiðar hófust að ekki yrði vandamál að losna við afla (og samstarfshópurinn gerði silunga-nefnd SSA grein fyrir þessu).

b) Veiðarnar.

Ákveðið hafði verið að leggja aðaláherslu á veiðar á Héraði vegna þess að þar eru mörg vötn á tiltölulega takmörkuðu svæði, og stutt að fara með afla. Auk tveggja veiðiáhafna frá Veiðimálastofnun (Reykjavík og Austurlandsdeild) sem aðallega stunduðu rannsóknaveiðar voru fengnir tveir atvinnusilungsveiðimenn, Héðinn Sverrisson úr Mývatnssveit og Roger Solbakke frá Finnþörku, og unnu þeir í félagi. Allir voru mættir til Egilsstaða um miðjan júní, en þá var klaki varla farinn úr jörð. Eftir nokkrar þreifingar var sett upp útgerðarstöð við Eiðavatn, og þar sýndu Héðinn og Roger mönnum hvernig ætti að standa að silungsveiðum og meðferð á afla. Haldinn var fundur á Egilsstöðum með veiðiréttareigendum og starfsemin kynnt og mönnum bent á að koma að Eiðavatni og læra af atvinnumönnunum. Nokkrir notfærðu sér þessa þjónustu, en þátttaka hafði mátt vera meiri. Veitt var í vatninu með 20 netum (32-40 mm möskvi) og var vitjað um tvisvar á sólarhring. Dagsafli var 150-250 kg. Fiskurinn var strax kældur í ís

og gert að honum jafnharðan. Tálkn og blóðrönd voru fjarlægð, síðan var hann isaður og var þá tilbúinn til flutnings í fiskmóttöku KHB, þar sem hann var þeginn og flokkaður. Keyptir höfðu verið þrír vatnabátar með utanborðsvélum, og gátu menn fengið þá leigða, til þess að þeir gætu byrjað að stunda veiðar og sjá hver árangur yrði. Þetta var gert til þess að menn byrftu ekki að leggja í stofnkostnað áður en vitað væri hvernig veiðarnar myndu ganga.

c) Fiskmóttaka KHB.

Hlutverk fiskmóttöku er að safna saman afla af stóru svæði á einn stað, flokka hann og ganga frá honum á markað. Jafnframt fer þar fram gæðamat, og þar með er séð fyrir því að ekki fari gölluð eða skemmd framleiðsla á markað. Hún hefur einnig það hlutverk að sjá veiðimönum fyrir nauðsynlegum aðföngum s.s. ís og umbúðum.

Fiskmóttaka KHB tók til starfa um miðjan júní. Starfsfólki voru kennd vinnubrögð og frágangur og leið ekki á löngu þar til fiskverkun var orðin eðlilegur hluti af starfsemi KHB. Þar sem mestur hluti afla var sendur til Reykjavíkur flugleiðis voru nokkur vandamál að fá umbúðir sem hentuðu til þannig flutnings. Tókst að leysa málið með því að nota frauðplastkassa og pakka þeim inn í plast. Krossviðarplötur voru notaðar til að styrkja kassana. Ljóst er að finna verður betri umbúðir. Ekkert má leka úr kössunum og þeir verða að þola nokkuð hnjas. Sá fiskur sem ekki komst ferskur á markað, var frystur til síðari vinnslu og dreifingar. Einnig var nokkuð af fiski selt á heimamarkaði. Að öðru leyti visast til skýrslu Árna Helgasonar (Arni Helgason 1983a) um magn og samsetningu afla á Austurlandi 1983.

d) Fiskifræðilegar rannsóknir.

Tilgangur rannsóknanna er fyrst og fremst så að fá upplýsingar um fiskstofna vatnanna og annað er málí skiptir þegar hefja skal veiðar. Þá er nauðsynlegt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á fiskstofnunum vegna aukinnar nýtingar. Þá skiptir það höfuðmáli hvernig fiskstofnarnir eru nýttir, p.e.a.s. hvaða stærðir og aldursflokkar eru veiddir í hverju vatni fyrir sig,

en því má stjórna með vali á möskvastærð neta. Rík tilhneyging er t.d. hjá veiðimönnum að veiða helst stærsta fiskinn úr stofninum, en slikt getur haft mjög slæmar afleiðingar, auk þess sem afli verður lítill.

Fiskifræćilegar rannsóknir eru nú á byrjunarstigi, og ennþá eingöngu upplýsingasöfnum. Þeim verður haldið áfram samhliða silungsverkefninu eftir því sem þurfa þykir. Um niðurstöður hingað til vísast til skýrslu Árna Helgasonar (Árni Helgason 1983b) og viðauka I í þessari skýrslu.

Heimildir:

Árni Helgason 1983 a: Athugun á upplýsingum um innlagðan silung á fiskmóttöku KHB 1983. VAUST 18306, 7 bls.

Árni Helgason 1983 b: Athuganir í silungsvötnum á Héraði í Jökuldalsheiða og í Vopnafirði 1982 og 1983.  
VAUST 18307, 28 bls.

## VIÐAUKI I.

### Fiskifræðilegar rannsóknir í Skriðuvatni (125 ha) og Eiðavatni (150 ha)

Sýnum úr fiskstofnum var aflað með netasamstæðu með 19-45 mm möskvastærð. Samstæðan veiðir nokkuð jafnt á allar stærðir af fiski frá ca 20-50 sm. Aflinn gefur því nokkuð rétta mynd af raunverulegri lengdardreifingu fisksins í vötnum. Lengdardreifing bleikju og urriða í báðum vötnum er sýnd á myndum 1, 2, 4 og 5.


Kvarnir og hreistur voru tekin af hluta aflans til aldursgreiningar. Niðurstöður eru sýndar á myndum 3, 6 og 7. Einnig voru tekin sýni af magainnihaldi, kyn og kynþroski ákvarðaður o.s.frv. en niðurstöður verða notaðar síðar og því ekki tíundaðar hér.

Í Skriðuvatni var áður eingöngu urriði en bleikja hefur komist í vatnasvæðið, sennilega um miðjan síðasta áratug. Hún fannst t.d. ekki í tilraunaveiðum 1974 (Jón Kristjánsson 1974). Eftir tilkomu bleikjunnar hefur dregið úr vexti urriðans. Óvist er um framvindu mála í vatninu, því ekki er vitað hvort bleikjan hefur náð sér á strik að fullu. Margt bendir til þess, að verði ekkert að gert geti vatnið orðið ofsetið bleikju, og núverandi gildi þess sem veiðivatns rýrni. Eina þekkta ráðið við þessu er að veiða af krafti og leggja sérstaka áherslu á smáfisk.


Í Eiðavatni hefur verið bleikja og urriði svo lengi sem menn muna. Báðir stofnarnir eru í góðu ástandi, lítið er af smáfiski og ungum fiski. Þegar veiðar aukast er hætta á að þetta sýnilega jafnvægi breytist, en ekki er vitað hvað muni gerast. Því er mjög áriðandi að fylgjast grannt með þróuninni. Liklega mun viðkoma vaxa, og þá vætanlegra meira hjá bleikju en urriða. Þá er hætta á að jafnvægið raskist, og verður e.t.v. að bregðast við því með breyttum veiðiaðferðum þegar fram í sækir. Aflinn í Eiðavatni var einungis tæpt tonn s.l. sumar, of litill til þess að valda verulegum breytingum á fiskstofnunum. Stefna ber að því að veiða enn meira næsta sumar, og leggja aðal áherslu á að veiða fisk af millistærð 30-35 sm.

Heimild:

Mynd 1.




Mynd 2.




SKRIDAUVATTN JUNI 1983  
VÖTUR A URGIDA.

-4-

MYND 3



MYND 4



MYND 5

24  
22  
20  
18  
16  
14  
12  
10  
8  
6  
4  
2

ELEVATION 16-2016 1983  
KENSE DAK DREIFING UNE 1983

16-2016 1983


KENSE DAK DREIFING UNE 1983

10 12 14 16 18 20 22 24 26 28 30 32 34 36 38 40 42 44 46 48 50  
LEVELS, SM

MYND 6

FIDAVATN 1983. 20/6

VÖXTUR HJÄ URRIDA. 5-9 ÅRA  
(FJÖLDI FISKA I SVIGUM)



MYND 7

LENGD ISM

VÖXTUR ÐA BLEIKSU 1983 ÞAN  
(EÐJAST FISKA Í SVIGUM)

(1)

SKRIBUVATN

(4)

(6)

EÐAVATN

(6)

(2)

(1)

HLDUR & VETRUMA

1 2 3 4 5 6 7 8

## VIÐAUKI II.

### Áhersluatriði varðandi silungsverkefni SSA sumarið 1984.

Meginverkefnið hlýtur að verða að halda sem flestum að veiðiskap, vanda meðferð afla eftir föngum og koma honum með sem minnustum tilkostnaði á hinn besta markað.

A.s.l. ári beindist athyglín mest að Héraði en nú er það ætlun silungsveiðinefndar SSA að teygja verkefnið bæði til norðurs og suðurs.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa lykilmann sem ábyrgur er fyrir gangi verkefnisins, sjá um að veita mönnum upplýsingar, hvetja þá til veiða, sjá um aðföng og flutningaleiðir og yfirleitt að sjá um að málin gangi greitt fyrir sig. Nefndin hefur nú ráðið sér framkvæmdastjóra til þessa verks og er það vel, því þar er kominn maður sem samhafir aðgerðir og stjórnar þeim.

Þar sem ákveðið hefur verið að stækka athafnasvæðið virðist eðlilegt að byrja á því, að fara í rannsóknar og kennsluleiðangra á suðursvæðið (Skaftafellssýslu) og norðursvæðið (Vopnafjörð) strax í byrjun júní. Æskilegt væri að nota tvær útgerðir samtímis 14-20 daga, og hittast síðan miðsvæðis. Þá ætti starfsemin á Héraði að vera komin í fullan gagn og í ljósi fenginnar reynslu mætti samræma frekari aðgerðir. Á suðursvæði eru það aðallega sjávarlónin sem athyglín beinist að. Þar eru sennilega miklir möguleikar fólgir í álaveitum og því nauðsynlegt að tiltæk verði veiðitæki til álaveita strax í vor. Einnig þarf að sjá um að nóg verði á boðstólum af silunganetum með ýmsum möskvastærðum.

Taka ber dreifingar, móttöku og sölumál til gaumgæfilegrar athugunar í þeim tilgangi að sem mestur arður komi í hlut veiðimanna.

Gera þarf sérstakt átak til þess að auka silungsneysslu þeirra fjölda feraðmanna sem fara "í gegn um" Egilsstaði. Mætti e.t.v. fara alveg nýjar leiðir, eins og t.d. að matreiða fisk undir beru lofti, steikja og reyksjóða og reyna að skapa "stemmingu" í kring um matseldina. Þetta pekkist viða erlendis og gefst vel. Þá þarf og að gera sérstakt átak til þess að laða feraðmenn að stangveiði, en nokkur vötn i nágrenni

Egilsstaða henta vel til sliks. Mætti koma fyrir slikum upplýsingum á áberandi stöðum þar sem væri e.t.v. einnig hægt að kaupa veiðileyfi.

Silungsveiðiverkefnið á Austurlandi er viðamikið og árangurinn byggist fyrst og fremst á þeim mönnum sem búa á vatnsbakkanum. Þegar þeir sjá að þeir uppskera umbun síns erfiðis fara hlutirnir fyrst að ganga af sjálfu sér. Það er því mikilvægt að rétt sé á málum haldið og að menn geri sér grein fyrir því að þetta tekur langan tíma og að það þarf að taka eitt skref í einu.

## FREMME AV INNLANDSFISKE PÅ ÖST-ISLAND

### Foreløbis rapport etter ett års virksomhet.

#### Inledning

I mars 1983 bevilget N.E.R.P. NOK 200.000 for å fremme innlandsfiske på Øst-Island. Prosjektet er ment å vare i tre år, og det utføres i samarbeid med Finnmark fylke i Norge. Förste året er nå gått og en vil her gjøre kort rede for prosjektets gang til nå.

#### Forberedning

Uformell forberedelse started hösten 1982. På den tid visste man ikke om söknaden om pengar til prosjektet ville bli innvilget. Deltagere i disse forberedelser var fagfolk fra Island og Norge, samt de som fra lokalt hold ville komme til å utføre prosjektet.

I mars kom et klarsignal om å sette igang, pengene var bevilget. Da startet den egentlige forberedelse for fullt, idet meningen var å sette i gang fiske allerede i juni d.å. Viktig del i planleggingen var å sørge for at alt nødvendigt utstyr, s.s. fiskeredskab og båter var på plass i rett tid. I förste omgang skulle hovedvekten legges på fiske i innsjöer hvor örret og røyje er de eneste arter.

På forhånd var det klart at det ville ikke oppstå særlige problemer med avsetning. En samarbeidsgruppe har i to år på vegne av Landbruksdepartementet arbeidet med å planlegge markedsföring og transport innenlands. Et firma i Reykjavík (ASCO S/F) hadde sagt seg villig til å avsette all fisk som ville kunne komme fra Øst-Island.

I juni maned startet fisket. Aktiviteten ble i förste omgang konsentrert til området rundt Egilsstadir.

To yrkesfiskere satte igang et regelrett yrkesfiske i Eidavatn (150 ha). Interesserte fiskebønder ble henvist til dette stedet, og der ble de lært opp i garnsettning, fiske, og sløyning av fisk. Fangsten ble avkjølt i is og fraktet til samverkelagets fiskemottak på Egilsstadir. Der ble fisken sortert etter vekt, vasket, pakket og sendt avkjølt med fly til Reykjavík. En del av fangsten ble avsatt lokalt. Salg av fersk stor og mellomstor fisk gikk uten problemer. Noe vanskeligere ble det å omsett småfisk (mindre en 200 g) direkte. Denne ble senere foredlet videre (røkt, gravd osv.), og solgt utover hösten og vinteren. Man har fått bekreftet ennå en gang at utnyttelsen av innsjöer henger sammen med de avsetningsmuligheter det finnes for småfallen fisk.

Derfor er det uhyre viktig å finne fram til foredlingsmetoder som gjør at en kan betale, akseptabel pris for småfisk.

I alt ble det kjørt 5 tonn örret og røyje gjennom fiskemottaket på Egilsstadir.

I 1984 er det meningen å utvide aktivitetsområdet til å dekke störsteparten av Öst-Island.